



Snjótroðarinn tekinn til starfa



Skógræktarfélag Eyfirðinga tók í notkun glænýjan snjótroðara í uppafi árs. Tækið er af gerðinni Pistenbully og leysir af hólmi ríflega fertugan troðara, Gamla rauð, sem þjónaði Eyfirðingum í um 40 ár. Meginhlutverk nýja troðarans er að ryðja stíga og búa til gönguskíðabrautir í skóginum og skilar hann því verki með sóma. „Það sem ég heyri af fólki sem skíðar og gengur í Kjarnaskógi, þá er það hæstánægt,“ segir Sigríður Hrefna Pálsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga. „Vinnuaðstaða Inga og Begga hefur batnað til muna. Það er bylting að vera hlýtt í troðaranum og heyra í útvarpinu án þess að ærast úr hávaða og kafna í bensínbrælu.“

Óhætt er að segja að snjótroðarans hafi verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda skapaðist talsverð stemning í kringum hann, ekki aðeins í Kjarnaskógi heldur í öllu nærsamfélaginu. Eftir var til söfnunar þar sem fyrirtækjum og einstaklingum gafst færi á að leggja sitt af mörkum til að hægt yrði að kaupa tækið og koma því til landsins. Svo góðar voru viðtökurnar að á endanum safnaðist talsvert hærri upphæð en lagt var upp með og nýttist umframséð til að koma upp sómasamlegri aðstöðu fyrir troðarann.

Laufblaðið óskar Skógræktarfélagi Eyfirðinga sem og Eyfirðingum öllum til hamingju með tækið.

Skelltu þér í (skóg)ræktina



„Ég er á því að það að ganga um skóginn sé eins og góður jógaþími,“ segir Pálmar Örn Guðmundsson, formaður Skógræktarfélagss Grindavíkur, í grein í blaðinu. Eins og fleiri skógræktarmenn vill Pálmar

hvetja almenning til að sækja skógana heim og nýta þá til útivistar. Skógrækt er nefnilega prýðileg mannrækt. Þeir sem vinna að staðaldri úti í mörkinni vita hvaða góðu áhrif það hefur á líkamlega og andlega heilsu þeirra. Einnig hefur margoft verið sýnt fram á það í rannsóknum að það er gott fyrir heilsuna að dvelja í skógi að staðaldri.

Það er því vel til fundið hjá Sameinuðu þjóðunum að beina athygli að mikilvægi skóganna fyrir lýðheilsu á alþjóðlegum degi skóga 21. mars en að þessu sinni er yfirskrift dagsins „Skógar og heilbrigði“. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur án efa gert mörgum ljóst hve mikilvægir skógarnir eru í þessu tilliti enda leituðu margir þangað þegar samkomutakmarkanir voru hvað harðastar og ekki var hægt að stunda íþróttir og líkamsrækt á sama hátt og áður. Í skógunum var aftur á móti nóg pláss fyrir alla og lítið mál að virða tveggja metra regluna. Ánægjulegt hefur verið að sjá hve margir og ólíkir hópar útivistarfólks sækja skógana heim á ári hverju. Taka þarf tillit til þessara hópa við uppbyggingu innviða í skógunum og að sama skapi er mikilvægt að hóparnir taki tillit hver til annars og gangi vel um skóginn.

Gildi skóga fyrir lýðheilsu einskorðast þó ekki aðeins við þá útivist og hreyfingu sem fólk getur stundað í þeim. Skógarnir eru enn sem fyrr matarkista og uppspretta lyfja sem nýtast í baráttu við sjúkdóma. Þá eru þeir lífrænar mengunarsíur og vatnshreinsistöðvar sem skýla byggð fyrir vindi og veðrum og bæta þar með lífsgæði íbúa.

Um leið og við fögnum því að kastljósinu skuli beint að gildi skóga fyrir lýðheilsu þurfum við að hafa hugfast að gróskumiklir skógar í grennd við byggð hafa í fæstum tilfellum orðið til af sjálfu sér. Þeir eru afrakstur þrotlausrar vinnu sjálfboðaliða og starfsmanna skógræktarfélaganna, félagasamtaka og vinnuhópa á vegum sveitarfélaga. Eftir því sem byggð þenst út er því miður hætt við að skipulagsyfirvöld renni hýru auga til þessara reita enda verða þeir í sumra augum fyrst og fremst verðmætt byggingarland. Jafnframt er hætt við að litlir trjáreitir í grónum hverfum verði felldir undir yfirskriftum þéttingar byggðar. Það er skylda okkar í skógræktarhreyfingunni að slá skjaldborg um skógana og koma í veg fyrir ásælni byggingarglaðra manna í þá. Með því stöndum við ekki aðeins vörð um þann árangur sem náðst hefur í landgræðslu og kolefnisbindingu heldur verjum við svæði sem eru nauðsynleg fyrir heilsu okkar og almenn lífsgæði.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 32. árgangur, 1. tölublað 2023.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélagss Íslands, kjörin á aðalfundi 2022:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingþór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Efirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélagss Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Björk Þorleifsdóttir (BÞ), Einar Jónsson (EJ), Pálmar Örn Guðmundsson (PG), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Reynir Þorsteinsson (RÞ), Þórveig Jóhannsdóttir (ÞJ).

Íslenskir skógar á YouTube

Pálmar Örn Guðmundsson, formaður Skógræktarfélags Grindavíkur, hleypti nýlega af stokkunum YouTube-rás sem helguð er skógum landsins. „Ég hef alltaf haft áhuga á skógum og kvikmyndagerð og sá mér þarna leik á borði að blanda þessu tvennu saman. Hvatinn var kannski sá að mér finnst ekkert rosalega mikið til af svona efni, að minnsta kosti ekki á YouTube. Mig langaði til að gera bragarbót á því,“ segir Pálmar um tildrög þess að hann hóf verkefnið. Þegar þetta er skrifað er þegar búið að birta eitt myndband um Selskóg í Þorbirni í Grindavík og annað um Sólbrekkuskóg í næsta nágrenni. Tvö önnur myndbönd eru tilbúin og bíða birtingar. Öll fjalla þau um skóga á Reykjanesi en einnig stendur til að gera myndbönd um aðra skóga á landinu. Til að byrja með stefnir Pálmar á að birta nýtt myndband mánaðarlega en hugsanlega fleiri á sumrin.

„Einn angi af þessu er svo að vekja athygli á skógunum og hvetja fólk til að sækja þá heim. Eg er á því að það að ganga um skóginn sé eins og góður jógatími,“ segir hann. Pálmar hefur þegar fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessu framtaki sínu. „Þegar ég var búinn að klippa þetta til og setja smá tónlist undir þá fannst mér þetta bara nokkuð gott sjálfum,“ segir Pálmar sem sér fyrir sér að þróa verkefnið enn frekar. „Þegar maður er kominn af stað með þetta verður kannski hægt að taka viðtöl við fólk sem þekkir sögu viðkomandi



Skjáskot úr myndbandi Pálmars Arnar um Selskóg í Grindavík (Mynd: PG).


skógar og fá það til að segja frá.“ Þá hefur hann áhuga á að gera myndbönd um tiltekna trjátegundir og varpa ljósi á fróðlega þætti í skógræktarsöggunni. „Það væri t.d. áhugavert að taka söguna um reyniviðinn, hvernig honum var næstum útrýmt. Það voru aðeins örfáar hríslur eftir á stöðum þar sem kindurnar náðu ekki til. Hríslan í Nauthúsagili undir Eyjafjöllum er ein af þeim.“

Áhugasömum er bent á að YouTube-rás Pálmars má finna á slóðinni [youtube.com/skogurinn873](https://www.youtube.com/skogurinn873). Best er að gerast áskrifandi að rásinni til að missa örugglega ekki af væntanlegum fróðleik um skóga landsins.

Skógarferð til Króatíu

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratugaskeið staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grundu þar sem fléttað er saman fræðslu um skóga og skógrækt við almenna náttúru og menningu viðkomandi lands. Fyrirhuguð er ferð til Króatíu haustið 2023 og verður ferðin farin dagana 23. september til 1. október. Flogið verður til Mílanó á Ítalíu og ekið þaðan til Króatíu. Á heimleið verður svo tekin ferja yfir Adríahafið frá Króatíu til Ítalíu og flogið heim frá Róm. Fulltrúi frá skógræktaraðilum í Króatíu verður með í för allan tímann og mun leiðsejja um strand- og háfjallaskóga, eikarskóga, þjóðgarða, grasagarð og margt fleira.

Hægt er að skrá sig á áhugalista fyrir ferðina, til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Þegar dagskrá og verð ferðar liggur fyrir er svo opnað fyrir bókanir í ferðina (hjá þeirri ferðaskrifstofu sem heldur utan um ferðina) og fær áhugalistinn tilkynningu um það, áður en bókanir eru almennt



auglýstar.

Hafið samband í síma 551-8150 eða á netfangið skog@skog.is til að skrá ykkur á áhugalistann.

Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina. Athugið að á áhugalista geta verið fleiri en komast með í ferðina og í hana gildir, líkt og fyrri ferðir félagsins, að fyrstur kemur, fyrstur fær!



Þau svæði sem mynda Græna trefilinn nýtast nú þegar til margs konar útivistar en með tilkomu hans munu samgöngumöguleikar hjólandi og gangandi um höfuðborgarsvæðið jafnframt eflast til muna (Myndir: RF, ÞJ).

Fram og aftur Græna stíginn

Fyrir um 30 árum kom fram hugmyndin um Græna trefilinn, samfellda keðju skóga og útivistarsvæða á útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Síðar kom sú hugmynd fram að tengja mætti svæðin saman með Grænum stíg. Umræða um Græna trefilinn og Græna stíginn hefur legið í láginni í nokkur ár en mikill áhugi er enn til staðar ef marka má aðsókn að málþingi sem Skógræktarfélag Íslands og Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins stóðu fyrir í Arion-banka í byrjun mars. Salurinn var þéttskipaður og einnig fylgdust margir með í beinu streymi. Fengnir voru sérfræðingar úr ýmsum áttum til að fjalla um málefnið frá ólíkum hliðum, svo sem út frá skipulagsmálum, stígahönnun, lýðheilsu og samgöngum. Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt og einn helsti hugmyndasmiður Græna stígsins og Græna trefilsins, reið á vaðið og fór í grófum dráttum yfir sögu þessara tveggja hugmynda og fjallaði um sum þeirra svæða sem mynda trefilinn. Þrátt fyrir að hægt hefði gengið að koma Græna stígnum af hugmyndastigi kvaðst Þráinn bjartsýnn nú þegar málið væri komið á dagskrá hjá Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og menn væru byrjaðir að tala meira saman yfir sveitarfélagamörkin.

Þróast í áföngum

Græni stígurinn er vel skilgreindur í svæðisskipulaginu fyrir Höfuðborgarsvæðið 2040 en allur gangur er á því hvaða sess hann skipar í aðal- og deiliskipulagi mismunandi sveitarfélaga. Sums staðar eru til stígkaflar sem falla að legu hans samkvæmt Höfuðborgarsvæðinu 2040. Í Hafnarfirði er til að mynda til nýlegur 4 km mal-

bikaður kafli og þá liggur stutt malbikuð ræma gegnum Guðmundarlund í Kópavogi. Pawel Bartoszek, formaður Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, benti á að það gæti verið gott að leyfa stígnum að þróast í áföngum og að ekki þyrfti endilega að malbika alla leiðina strax. Hann tók dæmi af svipuðum útivistarstíg í Poznan í Póllandi og benti á hvernig hann hefði þróast hægt og rólega og uppbygging tekið mið af notkun. Stígurinn væri jafnframt mangleitur, sums staðar malbikaður en annars staðar aðeins grófir slóðar. Hægt væri að byrja á að merkja hjólaleiðir og þegar notkun ykist kallaði það á frekari innviðauppbbyggingu. Þá sagði Pawel að Græni stígurinn gæti breytt því hvernig fólk hugsar um Græna trefilinn. Fæstir hugsu um hann sem eina heild nú til dags heldur mörg mismunandi svæði.

Grænu ásarnir vinsælastir

Talsvert var fjallað um gildi stígsins fyrir hjólreiðafólk á málþinginu enda hafa hjólreiðar aukist mjög á höfuðborgarsvæðinu á undanfönum árum og sérstökum hjólreiðastígum sömuleiðis. Þannig fór Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, yfir uppbyggingu útivistarstíga á þessu svæði og hvaða þætti þyrfti að taka tillit til við hönnun þeirra. Albert Skarphéðinsson verkfræðingur sýndi ýmis áhugaverð gögn um hjólreiðar, meðal annars hvernig reiðhjólum og rafhlaupahjólum hefur fjölgað og hvernig fólk nýtir sér þær hjólaleiðir sem þegar eru til staðar í borginni og nágrennabæjum. Studdist hann í því tilliti við gögn frá Strava appinu sem vinsælt er meðal hjólreiðafólks. Þær

tölur sýna að vinsælustu svæðin til hjólreiða eru hinir svo kölluðu græna ásar, það er græn svæði á borð við Elliðaárdal og Fossvoginn. Sagði Albert meira að segja að fólk legði oft lykkju á leið sína til og frá vinnu til að geta hjólað um þessi svæði.

Albert kom einnig inn á lýðheilsulegt gildi Græna stígsins og benti á að samfélagslegur ábati af virkum samgöngum (þ.m.t. hjólreiðum) væri 100 kr. á hvern kílómetra. Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir lýðheilsufræðingur fjallaði svo enn frekar um ávinning þess að hafa græn svæði í næsta nágrenni fyrir heilsu fólks.

Einkalönd fyrstaða

Að framsöguerindum loknum var efnt til pallborðsumræðna annars vegar með þátttakendum og hins vegar með fulltrúum sveitarfélaganna sem Græni trefillinn liggur um. Þó að viss jákvæðni í garð verkefnisins kæmi fram í máli fulltrúanna, var einnig ljóst að enn væru ýmis ljón í veginum. Þannig benti Reginna Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, á að stór hluti leiðarinnar ligg

um einkalönd og ekki væri hlaupið að því að fá að stíka leið í gegnum þau, hvað þá að leggja stíginn. Sagði hún að hugsanlega mætti leysa þetta að einhverju leyti með því að breyta legu stígsins og færa hann að hluta til nær strandlengjunni.

Þrátt fyrir að enn sé langt í land með að samfelldur 42 km stígur liggja frá Esjurótum til Undirhlíða í Hafnarfirði þokast verkefnið í rétta átt. Öll rök hníga að því að halda áfram með verkefnið og nú þegar sveitarstjórnarmenn hafa sýnt áhuga til þátttöku fara vonandi hjólin að snúast hraðar.

Einar Jónsson

Fulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sitja fyrir svörum í pallborði um Græna stíginn ásamt þeim sem fluttu erindi (Mynd: EJ).



Fagraðstefna skógræktar

Skógrækt á tímum hamfarahlýnunar er yfirskrift fagraðstefnu skógræktar sem haldin verður á Ísafirði dagana 29.-30. mars. Þar munu fræðimenn fjalla um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á skógrækt hér á landi út frá ýmsum sjónarhornum svo sem kolefnisbindingu, aðlögun erfðaefnis, áhrif á skaðvalda í skógum og náttúruvá. Í því samhengi mun meðal annars svissneski vísindamaðurinn dr. Peter Bebi fjalla um skóga og ofanflóð en hann stýrir CERC, rannsóknarstöð um loftslag, veðuröfgar og ofanflóð í Alpafjöllum. Seinni dagur ráðstefnunnar verður svo helgaður fjölbreyttum erindum og kynningum um skógrækt.





Álfholtsskógur nýtur aukins áhuga fólks sem hefur ánægju af útivist og viðveru í skógarumhverfi. Skiðaganga er gott dæmi um hreyfingu sem upplagt er að stunda á skógarstígum (Mynd: RP).

Skógarmeðferð

Útivist í skógarumhverfi nýtur vaxandi vinsælda víða. Fólk fer í skógarferðir af ýmsum ástæðum m.a. til að efla líkamlegt þrek, losa um streitu og viðra hundinn. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar til að meta áhrif skógarferða á líðan fólks, bæði andlega og líkamlega. Margar þessar rannsóknir eru vísindalegar og sýna afgerandi jákvæðar niðurstöður. Í einni þeirra var borið saman hvernig gönguferðir um götur borgar og útivist í skógi höfðu á líðan þátttakenda. Þeir sem voru á ferð í skógi upplifðu minni kvíða, þreytu, depurð og óreiðuhugsanir og fundu fyrir meiri orku.

Ýmsar aðrar útfærslur rannsókna á samanburði borgar- og skógarlandslags á vitund fólks og líkamleg einkenni frá hjarta og lungum, hafa svipaðar niðurstöður. Ýmis orð eru notuð yfir þessa jákvæðu skógarviðveru. Skógarbað (forest bathing), skógarmeðferð (forest therapy) og það er jafnvel talað um ákveðinn heilsubrest fólks sem „náttúruskorts röskun“ (Nature Deficit Disorder), þar sem fólki gæti batnað ef það eyddi meiri tíma úti í náttúrunni. Kenningin er m.a. sú að á þróunarleið okkar úti í náttúrunni og í skógunum hefur okkur liðið best, það er eitthvað í genamenginu okkar sem man það.

Álfholtsskógur nýtur aukins áhuga fólks sem hefur ánægju af útivist og viðveru í skógarumhverfi. Skólabörn hafa komið tvisvar á sumri til að eyða dagsstund við leik og skógarstúss. Síðasta sumar voru 20 börn á leikjanámskeiði í skóginum í 10 daga, sem ýtir vonandi undir áhuga þeirra á skóginum síðar meir. Það hefur verið sérstakt áhugamál umsjónarmanna skógarins undanfarin ár að gera skóginn eftirsóknarverðan og aðgengilegan fyrir gesti. Við erum líka að reyna að auka nýtinguna á öllum árstíðum m.a. með gönguskíðabrautum þegar það á við og fyrir jólin sækir fólk sér jólatré. Góðar merkingar

hafa verið gerðar á stígum sem eru fjölbreyttir og vel við haldið. Með merkingum hefur einnig verið vakin athygli á sérkennum umhverfis í skóginum, heiti örnefna, trjategunda o.fl. Nokkrar flatir eru á leiðinni, þar sem eru borð og sæti til að tylla sér, borða nesti og velta vöngum. Trjá- og runnategundum hefur fjölgað og eru nú hátt í 200. Það nýjasta er að vinna að gerð ratgerðis (völundarhúss) í skóginum og fleira er í bígerð. Það skiptir máli að bæta aðgengi og bæta skóginn sem yndis- og útivistar-skóg og gefur þeim sem sinna skóginum gjarnan jákvæð viðbrögð gesta sem er líka umbun fyrir vinnuframlagið.

Reynir Þorsteinsson
formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps



Greinarhöfundur faðmar tré. Rannsóknir hafa sýnt að vera í skógi hefur góð áhrif á líðan fólks.


Skógur eykur hrýfi og skapar skjól

Skógræktarfélag Reykjavíkur birtir mánaðarlega skógarfróðleik á heimasíðu sinni og á samfélagsmiðlum. Markmiðið er að fjalla á aðgengilegan hátt um áhugavert efni tengt skógi. Umfjöllun febrúarmánaðar vakti mikla athygli en þá var fjallað um hvernig skógurinn eykur hrýfi, þ.e. dregur úr roki og skapar skjól. Veðurviðvaranir hafa verið tíðar í vetur en fullyrða má að þær væru enn tíðari á höfuðborgarsvæðinu ef ekki væri fyrir skóglendið í borgarjaðrinum.

Hrýfi er samkvæmt skilgreiningu mælikvarði á áhrif núnings milli lofts og jarðaryfirborðs. Mismikil óregla yfirborðs hefur áhrif á vind, enda dregur núningur úr vindhraða. Hrýfi er meira yfir landi en sjó; og meira yfir þéttbýli en sléttum túnnum og mýrum. Skóglendi getur svo aukið hrýfi verulega en þar er það tíu til þrjátíu sinnum meira en þar sem einkum er lágvaðinn gróður eða graslendi.

Veðurfræðingar taka tillits til hrýfis við gerð spálíkana. Talsverðu skiptir hvort yfirborð lands er gróðursnautt, grasi gróið eða skóglendi og þá hversu há trén eru. Ný líkön verða tekin í notkun með haustinu, með nýjustu upplýsingum úr gagnagrunnum um gróðurfar og hrýfi.

Fólk sem komið er yfir miðjan aldur man margt eftir því hvernig mold rauk úr Hólmsheiðinni og Elliðavatsheiðinni í átt að byggðinni, þegar vind hreyfði



Skóglendi eykur hrýfi verulega, dregur úr vindi og skapar skjól.

áður fyrr. Nú er skóglendið, til dæmis í Heiðmörk og á Hólmsheiði, farið að gera mikið gagn með því að auka hrýfi. Um leið bætir skógurinn lífsskilyrði manna og dýra, bindur kolefni, býður upp á tækifæri til útivistar og svo mætti lengi telja.

Við í Skógræktarfélagi Reykjavíkur hvetjum fólk til að hrífast með og taka þátt í skógræktarstarfi um land allt. Aukum hrýfið!

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Viðburðir á alþjóðlegum degi skóga

Alþjóðlegum degi skóga hjá Sameinuðu þjóðunum er fagnað í dag, þriðjudaginn 21. mars. Að þessu sinni er yfirskrift dagsins „Skógar og heilbrigði“ og af því tilefni ákvað Skógræktarfélag Íslands og Grasagarður Reykjavíkur að bjóða upp á skógarjoga undir leiðsögn Ragnheiðar Ýrar Grétarsdóttur jógakennara. Skógarjogað fer fram í fallegum lundi í Grasagarðinum og hefst kl. 18. Að jóganu loknu verður boðið upp á te í garðskála Grasagarðsins. Mæting er við aðalinngang Grasagarðsins kl. 18.

Skógræktarfélag Reykjavíkur býður einnig upp á heilsuþótar- og fræðslugöngu um Kálfamóa í Keldnalandi þar sem Jóhann Pálsson, fyrrverandi garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, ræktaði merkilegan gróðurreit frá unglingsaldri. Safnast verður saman á bílastæðinu við aðalinngang kl. 18.

Síðast en ekki síst hyggst Skógræktarfélag

Borgarfjarðar ýta úr vör tónleikaröð í kvöld undir yfirskriftinni: Bergmál barrskóganna. Fyrstu tónleikarnir verða í varðeldarlundinum í Einkunnum þar sem boðið verður upp á heitt kakó og ljúfa tóna Drengjakórs Barabars. Tónleikarnir hefjast kl. 20:00.



Boðið verður upp á jóga í fögrum lundi í Grasagarði Reykjavíkur í kvöld (Mynd: BP)

Styrkir í boði til skógræktar

Vorviður hefur auglýst eftir umsóknum um styrki til kolefnisbindingar frá félögum og félagasamtökum fyrir árið 2023. Skógræktin heldur utan um Vorvið sem er hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja félög og félagasamtök til að taka þátt í skógrækt og binda þar með kolefni í samstarfi við Skógræktina. Í styrknum felst endurgreiðsla kostnaðar vegna plöntukaupa og er hér því kjörið tækifæri fyrir skógræktarfélög um land allt. Hægt er að sækja um styrk vegna kaupa á stærri plöntum sem hægt er að gróðursetja sem íbætur í eldri reiti eða í lúpinubreiður. Umsóknarfrestur rennur út 15. apríl og er hægt að sækja um á vefslóðinni skogur.is/vorviður.

Þá hefur Landgræðslusjóður einnig auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2023 og eru skógræktarfélög hvött til að sækja um þar til að fjármagna áhugaverð verkefni hvort heldur er á sviði gróðursetninga, umhirðu skóga, uppbyggingu innviða eða annars. Umsóknarfrestur er til 31. mars og má nágast nánari upplýsingar á vef Skógræktarfélags Íslands skogur.is/landgraedslusjodur.

Mýs úr skóginum

Skógurinn er endalaus uppspretta efniviðar og hugmynda. Trausti Tryggvason, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Stykkishólms og smíðakennari, sendi okkur þessar skemmtilegu myndir af tveimur músum sem hann bjó til úr birkidrumbum. Skórinn á annarri myndinni er úr linditré.



Auglýst hefur verið eftir umsóknum í Vorvið og Landgræðslusjóð fyrir árið 2023.



Hvert skal stefnt?

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur nýlokið við stefnumótun árána 2022-2030. Starfsemi félagsins hefur vaxið og dafnað og orðið fjölbreyttari á undanförunum árum og áratugum sem kallar á skýra stefnu um hvert skuli stefnt. Endurskoðun stefnumótunarinnar hefur meðal annars falið í sér greiningu á núverandi stöðu og umfjöllun um áskoranir og tækifæri sem framundan eru. Stefnumótunina má nágast á heimasíðu www.heidmork.is